

Alþingi  
Erindi nr. P 139/2163  
komudagur 2.5.2011

Nefndarsvið Alþingis  
B.t. Eiríkur Áki Eggertsson  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 2. maí 2011

## Efni: Umsögn FA um frumvarp til laga um verslun með áfengi og tóbak

### I. Alménnt

Vísað er til erindis háttvirtar efnahags- og skattanefndar þar sem óskað er umsagnar Félags atvinnurekenda um frumvarp til laga um verslun með áfengi og tóbak (mál nr. 703).

Félag atvinnurekenda telur að umrætt frumvarp hafi sína kosti og galla og vissulega tímabært að taka ýmsa þætti til endurskoðunar. Félagið telur hins vegar mikilvægt að aðrir þættir sem snerta áfengisstefnu stjórnvalda séu settir fram á sama tíma þannig að stefnan í heild – markmið hennar og leiðir – sé líkleg til að skila árangri. Félagið vill ennfremur leggja fram ábendingar sínar um þá þætti frumvarpsins sem betur megi fara.

### II. Ábendingar um frumvarpið í heild og samhengi við aðra þætti

1. Það skýtur skökku við að ósamþykkt áfengisstefna stjórnvalda sé sett fram sem athugasemdir við frumvarpið og það í stikkorðastíl. Áfengisstefna er stórt og viðamikilt mál og mikilvægt að farið sé yfir hana heildstætt og markmið hennar og leiðir sett fram á skýran hátt. Slíkt hefur ekki verið gert. Verslun með áfengi og tóbak er vissulega mikilvægur þáttur í áfengisstefnu, en brýnt er að hafa í huga að þar er um að ræða eingöngu hlutmengi í heildarmyndinni.

Ofangreint er sérstaklega mikilvægt í ljósi þess að allir hagsmunaaðilar eiga – ef vel á að vera – að koma að mörkum stefnu stjórnvalda. Langflest fyrirtæki sem flytja inn, framleiða og selja áfengi til ÁTVR og veitingahúsa eru aðllar að Félagi atvinnurekenda. Þessi aðilar hafa ekki fengið tækifæri ennþá til að koma sjónarmiðum sínum og tillögum á framfæri.

FA bendir Alþingismönnum sérstaklega á að tvo frumvörp sem tengjast áfengisstefnu liggja fyrir þinginu. Um þau er fjallað í tveimur mismunandi nefndum, þótt málin séu skyld. Engin umfjöllun virðist verða um heildaráfengisstefnu stjórnvalda í þinginu, sem þó er forsenda fyrir umræddum frumvörpum. FA telur mikilvægt að leiðir að markmiðum stjórnvalda verði ræddar sérstaklega enda hljóta þær að vera lykili að árangri.

2. Félag atvinnurekenda bendir sérstaklega á skýrslu starfshóps fjármálaráðherra um endurskoðun áfengisstefnunnar frá janúar 2010. Mikilvægt er að hafa þá góðu vinnu til hliðsjónar hvað varðar einstaka efnisatriði, eins og starfsemi ÁTVR. Það á raunar líka við um önnur atriði eins og umgjörð auglýsinga á áfengi.

3. Félag atvinnurekenda gerir athugasemdir við kaflann um „hlutverk ÁTVR“ í athugasemdum með frumvarpinu. Þar er vissulega vísað í umræðu frá Evrópu um skaðsemi áfengis og áhyggjur sérfræðinga þar um. Umræðan er þó nokkuð sundurlaus, þótt vissulega séu mikilvæg atriði nefnd. Það verður hins vegar að benda á að þegar fjallað er um hlutverk ÁTVR – á Íslandi – er æskilegt að staðan á Íslandi sé skoðuð sérstaklega. Í textanum um hlutverk ÁTVR er ekki einu sinni bent á stöðu mála á Íslandi varðandi breytingu á neyslumynstri og minnkandi opinbera sölu á áfengi o.þ.h. sem þó ætti að vera lykilatriði. Ekki má ganga út frá því sem vísu að staðan hér sé eins og í öðrum löndum, þótt vissulega geti verið ástæða til að skoða sérstaklega tiltekna þætti.

Það er óhjákvæmilegt annað en að benda á kannanir sem FA hefur látið gera á undanförunum misserum um neyslu á helmabuggi og smygluðu áfengi. Niðurstöðurnar eru sláandi – sérstaklega hvað varðar ungt fólk, en mikill meirihluti fólks á aldrinum 16-24 ára virðist leita út fyrir opinberan markað til að nálgast áfengi og aðra vímuegjafa. Setja verður þessar niðurstöður í samhengi við annað sem tengist áfengisstefnu, s.s. skatta á áfengi, aðgengi og auglýsingar.

4. FA telur mikilvægt að verði aukið vald ÁTVR varðandi vöruval staðfest með lögum, gefist aðilum á markaði eðlilegur tími til nauðsynlegra breytinga, t.d. hvað varðar merkingar á umbúðum o.þ.h.

5. Í athugasemdum við frumvarpið er vikið að starfi ÁTVR við að bæta vínmenningu á Íslandi með því að auka áhuga á „vönduðum vínum“ osfrv. FA telur eðlilegt að benda á að bjór er vara sem inniheldur lægra alkahólmagn en flest annað áfengi. Því er óeðlilegt að stefna ÁTVR felist eingöngu í að bæta vínmenningu – bætt bjórmenning ætti einnig að vera þáttur í stefnu fyrirtækisins.

### III. Ábendingar um einstakar greinar frumvarpsins

#### Vöruvalsreglur

Í 11. gr. frumvarpsins er að finna ákvæði um vöruvalsreglur ÁTVR. Þar er ráðherra veitt heimild til að setja reglugerð um vöruval og innkaup ÁTVR. Sú reglugerð<sup>1</sup> skal miða að því að tryggja vöruúrval með hliðsjón af eftirspurn kaupenda, jafnframt því að tryggja framleiðendum og birgjum áfengis möguleika á að koma vörum í sölu í áfengisverslunum. Við þetta gerir FA engar athugasemdir.

Hins vegar koma í framhaldi fjórir efnisliðir en þrír þeirra verða að teljast nokkuð sérstakir, er þar átt við eftirfarandi liði:

- ÁTVR er heimilt að hafna vörum sem innihalda gildishlaðnar eða ómálefnalegar upplýsingar eða gefa til kynna að áfengi auki líkamlega, andlega, félagslega eða kynferðislega getu, særa blygðunarkennd eða brjóta á annan hátt í bága við almennt veisæmi, m.a. með skírskotun til ofbeldis, trúar, ólöglegra fíkniefna, stjórnmálaskoðana, mismununar og refsiverðrar háttseml.
- ÁTVR er heimilt að hafna vöru sem er keimlík annarri vöru á almennum markaði.
- ÁTVR er heimilt að hafna vöru sem inniheldur koffein og önnur örvandi efni.

Almennt skal það tekið fram að með aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu undirgekkst íslenska ríkið reglur sem lúta að hinum sameiginlega innri markaði efnahagssvæðisins. Til að ná markmiðum samningsins um einsleitni skuldbatt íslenska ríkið sig til þess að gera ekki strangari kröfur til vara en gerðar eru almennt innan efnahagssvæðisins.

Meginmál EES-samningsins hefur lagagildi hér á landi, sbr. 2. gr. laga nr. 2/1993 um Evrópska efnahagssvæðið. Markmið samningsins er að mynda einsleitt efnahagssvæði sem grundvallast á sameiginlegum reglum og sömu samkeppnisskilyrðum, tryggri framkvæmd, jafnrétti og gagnkvæmni. Í 15. lið aðfaraorða EES-samningsins kemur skýrt fram að samningsaðilar stefni að því að ná fram og halda sig við samræmda túlkun og beitingu samningsins og þeirra ákvæða í löggjöf bandalagsins sem tekin eru efnislega upp í samninginn, svo og að koma sér saman um jafnræði gagnvart einstaklingnum og aðilum í atvinnurekstri, að því er varðar fjórþætta frelsið. Meginreglan um einsleitni endurspeglast í þeirri grunnhugmynd að sömu reglur skuli gilda á öllu Evrópska efnahagssvæðinu á þeim sviðum sem EES-samningurinn tekur til.<sup>2</sup> Til að ná markmiðum samningsins um einsleitni er íslenska ríkið skuldbundið til að gera ekki strangari kröfur til vara en gerðar eru almennt innan Evrópska efnahagssvæðisins, nema almannahagsmunir krefjist þess.

Samkvæmt 3. gr. laganna skal skýra lög og reglur, að svo miklu leyti sem við á, til samræmis við EES-samninginn og þær reglur sem á honum byggja. Samningsaðilum ber því að gera allar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að staðið verði við skuldbindingar samningsins. Við lögskýringu í íslenskum rétti á það almenna sjónarmið auk þess við að skýra beri lög til samræmis við þjóðréttarlegar skuldbindingar.

Frjáls vöruviðskipti eru ein af grundvallarreglum EES-samningsins. Reglan er lögfest í 1. mgr. 8. gr. laga um Evrópska efnahagssvæðið, en samkvæmt henni eru ríki skuldbundin til að koma á frjálsum vöruflutningum milli samningsaðila. Reglan endurspeglast m.a. í 11. gr.

<sup>1</sup> Athuga misritun í 2. mgr. 11. gr. frumvarpsins þar sem talað er um *reglur* en ætti réttilega að vera *reglugerð*.

<sup>2</sup> Davíð Þór Björgvinsson, *EES-réttur og landsréttur*, bls. 229-234.

laganna þar sem bann er lagt á magntakmarkanir á innflutningi, svo og allar ráðstafanir sem hafa samsvarandi áhrif.

Umræddir liðir eru allir til þess fallnir að raska flæði vöru á hinum sameiginlega innri markaði. Í því samhengi er rétt að geta þess að nú þegar er til staðar í íslenskum rétti neytendalöggjöf sem tekur á þeim þáttum sem þar um ræðir. Þessi löggjöf hefur verið samræmd á innri markaðnum og eru frekari reglur þar um óþarfar. Þá verður ekki hjá því komist að benda á að þau hugtök sem fram koma í umræddum liðum eru mörg hver mjög gildishlaðin og vandséð að túlkun þeirra geti verið einsleit.

FA leggur því til að umræddir liðir verði felldir út og í þeirra stað komi eftirfarandi:


*„Vörulegsreglur ÁTVR skulu vera í samræmi innlenda neytendalöggjöf og skuldbindingar Íslands samkvæmt EES samningnum.“*

#### **IV. Annað**

Að lokum áskilur Félag atvinnurekenda sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum.

Félagið lýsir sig jafnframt reiðubúið til að funda um efnið sé þess óskað.

Virðingarfyllt,



Almar Guðmundsson

Framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda

FÉLAG  ATVINNUREKENDA